



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Niðurstaða í síðara samráði

-Helstu álitamál varðandi breytingar á reglum um innanhússfjarskiptalagnir -

1. Almenn

Eftir að hafa yfirfarið athugasemdir umsagnaraðila er það álit PFS að í tilteknum meginatriðum sé um að ræða endurteknar og áréttaðar athugasemdir úr fyrra samráði. PFS telur því ekki þörf á að rekja athugasemdir umsagnaraðila orðrétt eða endursegja þær með ítarlegum hætti. PFS telur að það sé vænlegra til árangurs að draga fram og fjalla um helstu álitamál í tengslum við fyrirhugaðar reglubreytingar sem lesa má út úr umsögnum umsagnaraðila. Að jafnaði verður því ekki vísað til tilekinna umsagnaraðila og athugasemdir þeirra, nema að PFS telji það vera kost í þágu gagnsæis og skýrleika.

Þá ber að geta þess að fram kom sjónarmið um að PFS væri í seinna samráðinu að breyta áður boðuðum breytingum sem skilja mátti á þá leið að gerð væri athugasemd við slíkt verklag. Um þetta er það að segja að það er tilgangur opins samráðs, t.d. um fyrirhugaðar ákvarðanir og reglubreytingar, að gera mögulegar breytingar á því efni sem samráðið stendur um. Ef slíkt væri ekki eðlilegur hluti af samráðsferli væri ljóst að opin samráð af hálfu stjórnvalda væru tilgangslaus.

2. Aðgangur að fjarskiptainntaki og breytingar á tengingum inni í því

Í umsögnum Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. og Tengis ehf. koma fram sjónarmið um að fjarskiptafyrirtæki eigi ekki hreyfa við tengingum í fjarskiptainntaki sem komið hefur verið upp af öðru fjarskiptafyrirtæki. Það sama gildi um heimild húseiganda til að láta klippa á tengingu í fjarskiptafyrirtæki við þjónustuflokkning, ef enginn laus aukapráður er fyrir hendi. Að áliti PFS eru umrædd sjónarmið gegnum gangandi í umsögnum fyrrnefndra aðila.

PFS gerir sér grein fyrir því að sjónarmið sem ganga út á það að fjarskiptafyrirtæki *eigi* það fjarskiptainntak og húskassa sem hylur það geti stuðst við ákveðin rök. Það breytir þó ekki því að það stendur með skýrum hætti í 60. gr. fjarskiptalaga að húseigandi ber ábyrgð á húskassa, þ.m.t. tengingum í fjarskiptainntaki, og er fjarskiptafyrirtækjum tryggður jafn aðgangur að húskassa. Þessu meginskilyrði um aðgengi að innanhússfjarskiptalögnum í húskassa hér á landi verður ekki breytt með breytingu á reglum af hálfu PFS. Um þetta vísast líka til ákvörðunar PFS nr. 25/2017 sem ekki var kærð og stendur því óhögguð.

3. Krafa um að setja upp tengilista

Í umsögn Mílu ehf. koma fram efasemdir um að það sé nægilega skýrt að það þurfi í öllum tilvikum að setja upp tengilista. Samkvæmt reglubreytingunni var ætlunin að setja skýra reglu um þetta, án þess að stofnunin teldi nauðsyn á því að bæta við orðum til áhersluauka, sbr. að „ávallt“ skuli setja upp tengilista. Í ljósi þess að reglunni er efnislega ætlað að mæla fyrir um

að það skuli í öllum tilvikum settur upp tengilisti telur PFS ekkert vera því til fyrirstöðu að bæta við því áhersluorði sem Míla leggur til.

Reglubreytingin felur í sér málamiðlun á milli tveggja ólíkra tæknilegra leiða til að tengja heimtaug við innanhússfjarskiptalögn. Hún felur það í sér að báðar leiðir sem eru viðhafðar hér á landi, þ.e. bræðisuða og notkun tengilista, verða leyfðar. PFS fær því ekki séð að það geti verið tilefni til óánægju fjarskiptafyrirtækja með þá niðurstöðu. Þegar um er að ræða fjölbýlishús er gerð krafa um það að lagður sé aukaþráður innanhússfjarskiptalagnar frá inntaki í hverja íbúð. PFS telur ekki þörf á því að leggja aukaþráð við notkun bræðisuðu í sérbýli eða í atvinnuhúsnaði sem ekki er einingaskipt. Þar skal þó samkvæmt fyrsta málslið 3. mgr. 7. gr. reglnanna settur upp tengilisti, eins og í öllum öðrum húseignum.

Krafa um að setja upp tengilista kemur auk þess til móts við sjónarmið þeirra fjarskiptafyrirtækja sem vilja nota bræðisuðu við tengingu innanhússfjarskiptalagna. Hún felur nefnilega í sér að laus þráður, en óvirkur, er gerður aðgengilegur í tengilista sem hægt er að staðsetja fyrir utan húskassa (inntaksbox) þess fjarskiptafyrirtækis sem setti upp fjarskiptainntakið. Ætti því fjarskiptafyrirtæki sem á eftir kemur ekki að vera þörf á því að fara í fjarskiptainntakið sem fyrir er, sem bæði Gagnaveita Reykjavíkur ehf. og Tengir ehf. leggja ríka áherslu á, sbr. umfjöllun í kafla 1.

PFS gerir sér grein fyrir því að umrædd krafa muni útheimta einhvern kostnað af hálfu þeirra fjarskiptafyrirtækja sem ekki hafa notað tengilista. En sá kostnaður verður ekki umflúinn ef búa á svo hnútana að fjarskiptafyrirtæki þurfi ekki að opna fjarskiptainntak til að nálgast lausan þráð, t.d. með því að klippa á þræði sem þar eru fyrir með hættu á tilheyrandi hnjaski og skemmdum á öðrum tengingum og mögulegu þjónusturofi.

4. Notkun bræðisuðu þegar fyrir er bræðisoðin tenging

Ábendingar komu fram um það að breyting á 4. gr. 7. gr. reglnanna fæli í sér að ekki væri heimilt að bræðisjóða þegar fyrir er bræðisoðin tenging, þar sem þá væri búið að bræðisjóða allar tengingar í inntaki.

Tilgangur þessarar reglu er tvíþættur. Annars vegar að koma í veg fyrir að klippt sé á tengingu þegar fyrir hendi er laus þráður. Hins vegar að koma veg fyrir að allir þræðir séu bræðisoðnir í inntaki. Í þessari síðari kröfu er um að ræða skilyrði um að það skuli ávallt vera einn laus þráður til staðar í tengilista. Ef ætlunin er að bræðisjóða eina lausa þráðinn sem eftir er í inntakinu verður að horfa til 3. mgr. 7. gr., þar sem það er sett sem skilyrði fyrir að bræðisjóða tengingu að lagður sé aukaþráður í hverja íbúð frá fjarskiptainntaki, ef um er að ræða fjölbýlishús. Þannig kemur 4. mgr. 7. gr. reglnanna ekki í veg fyrir að það sé bræðisoðið í síðasta lausa þráð í fjarskiptainntaki, að því gefnu að lagður sé nýr aukaþráður. Hugnist fjarskiptafyrirtæki ekki að leggja aukaþráð í hverja íbúð, ef um fjölbýlishús er að ræða, þar sem fyrir er bræðitenging og einungis einn laus þráður til staðar, getur það tengt heimtaugina við lausa þráðinn í tengilistanum. Óheimilt er að bræðisjóða nema að leggja aukaþráð sem komið er fyrir í tengislista, sbr. síðari málslið 3. mgr. 7. gr. reglnanna.

5. Nýting á aðstöðu í fjarskiptainntaki sem annað fjarskiptafyrirtæki hefur komið upp

Ákvæði 6. mgr. 7. gr. reglnanna kom nýtt inn í breytingum á reglum um innanhússfjarskiptalagnir nr. 1111/2015. Í þeim reglubreytingum tók PFS ákvörðun um að heimila splæsitengingar að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Við það tilefni taldi PFS rétt að halda þeim möguleika opnum að ef annað fjarskiptafyrirtæki hygðist koma í kjölfar Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. og tengja heimili og atvinnuhúsnaði við ljósleiðara, gæti það

fjarskiptafyrirtæki kosið að nýta sér með beinum hætti það fjarskiptainntak og húskassa sem þegar væri fyrir hendi. Var þá talið rétt að það fjarskiptafyrirtæki sem setti upp inntakið gæti þjónustað og tekið gjald fyrir slík samnýtt afnot. Ekki var ætlunin með umræddu ákvæði að það fjarskiptafyrirtæki sem á eftir kæmi þyrfti að greiða gjald fyrir að komast í lausan þráð í fjarskiptainntaki, sbr. ákvörðun PFS nr. 25/2017.

Þegar Míla hóf sína ljósleiðaravæðingu á höfuðborgarsvæðinu setti félagið upp tengilista, eins gildandi reglur PFS gerðu ráð fyrir, auk þess að setja upp annan húskassa, jafnvel þó svo að slíkur kassi hefði áður verið settur upp af Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. Síðan að tilvitnað ákvæði var tekið upp í reglur um innanhússfjarskiptalagnir hefur hvorki Míla ehf. né annað fjarskiptafyrirtæki, svo PFS viti til, kosið að samnýta fjarskiptainntak með þessum hætti.

Í umsögn sinni leggur Míla ehf. til að umrætt ákvæði verði felld brott. Vísar Míla ehf. til þess að ákvæðið hafi valdið misskilningi.

PFS getur fyrir sitt leyti fallist á að umrætt ákvæði sé nokkuð óskýrt og geti boðið upp á ágreining um hvernig eigi að framkvæma það. Í ljósi þess að ekki virðist vera eftirspurn eftir því að samnýta fjarskiptainntak með þeim hætti sem PFS hafði í huga telur stofnunin rétt að fallast á sjónarmið Mílu ehf. um að fella ákvæðið brott.

6. Kröfur um frágang tenginga í atvinnuhúsnæði

Í þeim reglubreytingum sem PFS kynnti í seinna samráði sínu er ekki vísað til atvinnuhúsnæðis eins og gert var í fyrra samráði og fram kemur í gildandi reglum nr. 1111/2015.

PFS telur rétt að sú meginregla sem kemur fram í 3. mgr. 7. gr. reglnanna eigi að gilda um atvinnuhúsnæði að breyttu breytanda, þ.e. að ef um er að ræða einingaskipt atvinnuhúsnæði (t.d. húseign með nokkrum verslunarrýmum) skuli leggja aukaþráð til hverrar einingar frá fjarskiptainntaki, þegar notast er við bræðisuðu.

PFS hyggst því, að eigin frumkvæði, bæta við áskilnaði um þetta í reglurnar þannig að ekki skapist óvissa um hvernig eigi að ganga frá tengingum í einingaskiptu atvinnuhúsnæði. Að áliti PFS eiga sömu sjónarmið að gilda um slíkar húseignir og eiga við um fjölbýlishús.

Póst- og fjarskiptastofnun, 16. apríl 2018